

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10,  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27. nóvember 2006 2006110167  
T-ums 12/06

### Umsögn um 233. mál, frumvarp til laga um breyting á lagaákvæðum um lífeyrissjóði.

Með bréfi háttvirtrar efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dagsettu 9. nóvember 2006, er óskað umsagnar ríkisskattstjóra um frumvarp á þingskjali 236, til breytinga á lagaákvæðum um lífeyrissjóði. Fer hún hér á eftir.

Ríkisskattstjóri telur að efnisatriði frumvarpsins gefi ekki tilefni til athugasemda af hans hálfu, en bendir á að svo virðist sem tilvísanir í frumvarpinu til ákvæða laga nr. 12/1999, um lífeyrissjóð bænda, fái ekki staðist miðað við þær breytingar á lögnum er gerðar voru með lögum nr. 78/2006 og tóku gildi 30. júní s.l.

Ríkisskattstjóri vekur athygli á ákvæði 5. tölul. 28. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, þar sem kveðið er á um að til skattskyldra tekna teljist ekki:

*"Framlag launagreiðanda til öflunar lífeyrisréttinda samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Þó skal telja framlag launagreiðanda til öflunar lífeyrisréttinda til skattskyldra tekna ef iðgjaldagreiðslur frá launagreiðanda eða sjálfstætt starfandi manni, að viðbættum áður áunnum lífeyrisréttindum og framtíðarlífeyrisréttindum, skapa réttindi til greiðslu ellilífeyris umfram þau meðallaun sem greitt hefur verið af síðustu fimm ár miðað við að ellilífeyrir sé tekinn með jöfnum greiðslum frá 65 ára aldri.*

*Við mat á áunnum réttindum skal leggja saman áunnin réttindi í tryggingadeildum lífeyrissjóða samkvæmt samþykktum hvers og eins lífeyrissjóðs miðað við að taka lífeyris hefst við 65 ára aldur. Einnig skal leggja saman áunnin réttindi í séreign og þau umreiknuð miðað við útgreiðslu lífeyris með jöfnum greiðslum í 17 ár frá 65 ára aldri.*

*Við mat á framtíðarréttindum til ellilífeyris skal miðað við að áfram sé greitt í tryggingadeild lífeyrissjóðs til 65 ára aldurs 10% iðgjald af meðallaunum síðustu fimm ára og að greiðslurnar myndi lífeyrisréttindi sem nema 1,2% af fyrrgreindum meðallaunum fyrir hvert ár. Við útreikning áunninna réttinda í séreign skal miða við 3,5% vexti.*


*Hafi í kjarasamningum verið samið um iðgjald í lífeyrissjóð eða til aðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða eða það bundið í lögum skal það aldrei teljast til skattskyldra tekna.*

*Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessa töluliðar, þ.m.t. um hvaða upplýsingar unnt er að krefja launagreiðendur, sjálfstætt starfandi einstaklinga og launþega vegna framkvæmdar ákvæðisins."*

Þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpi því sem hér er til umsagnar virðast gefa tilefni til hækkunar hundraðshluta iðgjalds, sem miða skal við er framtíðarréttindi eru metin samkvæmt 3. mgr. framangreinds 5. tölul. 28. gr., úr 10% í 12%.

Virðingarfyllst

  
Ingvar J. Rögnvaldsson

  
Sigrún Högnason